

18. fundur Atvinnumálanefndar, haldinn í fundarherbergi Skaftárhrepps miðvikudaginn 22. júní 2022. Þetta er fyrsti fundur ný kjörinnar Atvinnumálanefndar fyrir kjörtímabilið 2022-2026. Fundargerð er tölvuskráð í sameiningu af formanni og nýkjörnum ritara og er tvær blaðsíður að lengd.

Mættir eru eftirfarandi nefndarmenn:

Björn Helgi Snorrason, formaður (Ö)

Bergur Sigfússon (Ö)

Auður Eypórsdóttir (Ö)

Björn Hafsteinsson (Óháður)

Bergur Kristinn Guðnason (utan lista)

Formaður setur fund og býður fundarfólk velkomið. Óskar formaður eftir að bætt sé við áður auglýsta dagskrá lið númer 5: Húsnæðismál í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri. Önnur mál færast undir 6. lið.

Þá er gengið til dagskrár:

1. Kosning varaformanns og ritara Atvinnumálanefndar fyrir kjörtímabilið 2022-2026:  
Formaður tilnefnir Berg Sigfússon sem varaformann nefndarinnar til næstu fjögurra ára og er það samþykkt samhljóða af nefndarmönnum.  
Formaður tilnefnir Auði Eypórsdóttur sem ritara til næstu fjögurra ára og er það samþykkt samhljóða af nefndarmönnum.
2. Erindisbréf Atvinnumálanefndar og umræður um störf nefndarinnar:  
Formaður greinir nefndarmönnum frá því að erindisbréf Atvinnumálanefndar sé í endurskoðun í heild sinni en muni verða tilbúið á næstu dögum. Ö listinn – Öflugt samfélag tók ákvörðun um það fyrir kosningar að útfæra verksvið nefndarinnar lítið eitt. Nefndin mun framvegis verða sveitarstjórn innan handar t.d. með forgangsröðun í viðhaldi og uppbyggingu húsnæðis og mannvirkja í sveitarfélaginu og hafa yfirsýn yfir fjarskiptasamband í Skaftárhreppi. Þessi breyting á nefndinni mun verða nánar útfærð í nýju erindisbréfi og mun formaður sjá um að það verði sent nefndarfólki þegar það er tilbúið.
3. Kynning og umræður um teikningar að nýju áhaldahúsi sveitarfélagsins. Ólafur Júlíusson mætir til fundar og kynnir fyrir nefndinni teikningar, innra skipulag hússins og stöðu mála á áhaldahúsinu.
4. Fjarskipti GSM og tetra í sveitarfélaginu. Meðal hlutverka atvinnumálanefndar er að hafa yfirsýn og utanhald yfir fjarskiptamál í sveitarfélaginu. Margir staðir í sveitarfélaginu eru sambandslitlir eða sambandslausir. Mikilvægt er að kortleggja þá staði og koma áfram til

BHS BS  
BAH AE  
BLT

þeirra stofnana sem eiga hlut að. Þrýsta þarf á símafyrirtæki að efla samband GSM og tetra þar sem búið er að loka á gömlu koparlínurnar. Lögreglan gerði könnun á fjarskiptasambandi í sveitarfélaginu fyrir ekki alls löngu. Atvinnumálanefnd hefur hug á að setja sig í samband við lögregluna og fá upplýsingar um niðurstöðu þessara kannana og vinna sig áfram út frá þeim.

5. Húsnæðismál í þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri. Nauðsynlegt er að auka framboð á íbúðarhúsnæði og lóðum í þéttbýlinu svo atvinnulífið nái að eflast. Nefndin vill beina því til sveitarstjórnar að unnið verði af krafti í að auka lóðaframboð.
6. Önnur mál. Rætt var um kynningarmál sveitarfélagsins. Nauðsynlegt er að auglýsa hvað sveitarfélagið hefur upp á að bjóða. Stuðla þarf að aukinni afþreyingu. Einnig rætt um viðhald á félagsheimilinu Kirkjuhvoli.

Fundi slitið kl. 12:15

Björn Helgi Snorrason

Björn Helgi Snorrason

Bergur Sigfússon

Bergur Sigfússon

Auður Eypórsdóttir

Auður Eypórsdóttir

Bergur Kr. Guðnason

Bergur Kr. Guðnason

Björn Hafsteinsson

Björn Hafsteinsson

BH

BS  
BBS

AK  
BK